

Ed.

169. Breytingartillögur

við framvarp til stjórnarskipunarlags um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands.

Flutningsm.: Guðm. Ólafsson og Einar Árnason.

I. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:

Við 26. gr. Greinin orðist svo:

Á Alþingi eiga sæti 36 þjóðkjörnir þingmenn. Tölu þeirra má breyta með lögum.

Alþingi skiftist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í neðri deild eiga sæti 24 þingmenn, en 12 í efri deild. Tölum þessum má breyta með lögum.

Þingmenn skulu kosnir óhlutbundnum kosningum; þó má með lögum ákveða, að þingmenn Reykjavíkurkaupstaðar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kjörgengi og kosningarrjett sömu reglur og við óhlutbundnar kosningar.

Í efri deild eiga sæti 12 þingmenn, er sameinað Alþingi kys úr flokki þingmanna, þá er Alþingi kemur saman í fyrsta sinn eftir almennar kosningar. Hinir eiga sæti í neðri deild.

II. Við 8. gr. Greinin orðist þannig:

Við 27. gr. Greinin orðist svo:

Þingmenn skulu kosnir til 6 ára. Deyi þingmaður á kjörtímaum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

III. Á eftir 8. grein komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:

1. Við 28. gr. Greinin falli burtu.

2. — 29. gr.

a) Orðin »í sjerstökum kjördæmnum« falli burtu.

b) Þriðja málsgrein orðist þannig:

Áð öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningar til Alþingis.

3. Við 30. gr. fyrri málsg.

a) Orðin »í sjerstökum kjördæmum« falli burtu.

b) Orðin »með sömu skilyrðum um land alt« falli burtu.

IV. Við 15. gr. Greinin orðist þannig:

Við 2. og 3. ákvæði um stundarsakir:

Ákvæðin falla burtu.

V. Við 16. gr. Greinin falli burtu.

Greinatalan í frumvarpinu og formálanum breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.